**Lestu textann og leystu verkefnin.**

# Læknar og hjúkrunarfræðingar

Hvað gera **hjúkrunarfræðingar** í vinnunni sinni?
Hjúkrunarfræðingar passa upp á fólk sem er veikt og hjálpa því að líða betur.
Þeir hlusta á hvað hrjáir þann sem leitar til þeirra.
Þeir gefa lyf, taka blóðprufur og bólusetja til að hjálpa fólki.
Þau nota hitamæli til að sjá hvort einhver sé með hita og þurfi meiri hjálp.





Hvað gera **læknar** í vinnunni sinni?
Læknirinn hlustar á þig og skoðar hvort þú sért frískur.
Ef þú ert veikur gefur læknirinn þér lyf sem hjálpa þér að líða betur eða leiðbeinir þér í rétta átt til að ná heilsu.
Læknar hjálpa fólki á hverjum degi að verða frískt

Til að verða læknir eða hjúkrunarfræðingur þarf að fara í háskóla í mörg, mörg ár til að læra allt um líkamann og heilsu.
Þau læra um hjartað, heilann, bein og allt sem er inni í okkur.
Þau læra líka um tilfinningar og andlega líðan.
Læknar æfa sig á sjúkrahúsi og heilsugæslunni með reyndum læknum áður en þeir mega hjálpa sjúklingum sjálfir. Það kallast kandídatsár.
Hjúkrunarfræðingar æfa sig líka á sjúkrahúsum með raunverulegum sjúklingum áður en þeir verða hjúkrunarfræðingar.



Í hvernig húsum vinna læknar og hjúkrunarfræðingar oftast?

______________________________

Hvað gera hjúkrunarfræðingar í vinnunni sinni?

- halda ræður
- dansa
- hjálpa fólki að ná bata

Læknar og hjúkrunarfræðingar hjálpa veiku fólki!

☐ já ☐ nei

Hvað merkir orðið bati ?

- að verða frískur
- hætta að vera veikur
- leðurblaka

Hvað þurfa læknar og hjúkrunarfræðingar að læra ?

- baka brauð
- allt um líkamann
- allt um heilsu

Hvað merkir orðið **hrjáir**?

- spítali
- hvað amar að
- hvað er að

**Búðu til eina setningu sem tengist læknum og hjúkrunarfræðingum.**

Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Mundu að vanda skriftina.

______________________________________________

## Finndu orðin

Þau eru í allar áttir



| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| G | A | Z | X | J | W | T | I | T | S | A | D | G | C |
| E | P | S | J | Ú | K | R | A | H | Ú | S | R | H | A |
| X | Í | P | J | B | T | G | Y | H | S | I | P | T | K |
| H | P | M | B | B | G | I | P | S | S | E | U | F | V |
| P | R | O | M | H | Y | A | R | J | L | A | L | V | R |
| W | A | M | O | M | E | T | A | U | R | B | T | A | M |
| H | N | S | G | L | V | T | B | P | T | L | H | C | Y |
| T | U | L | P | Q | Q | N | S | W | X | S | N | S | P |
| J | T | Æ | L | Í | O | L | J | K | R | H | Á | V | N |
| C | S | K | P | V | T | R | H | A | P | L | Q | L | E |
| A | U | N | E | I | E | A | O | C | O | V | T | P | P |
| J | L | I | P | N | E | Q | L | W | C | L | B | T | H |
| F | H | R | W | I | S | M | P | I | J | X | V | U | O |
| V | E | L | H | O | W | V | Y | D | T | C | F | U | T |

PLÁSTUR HLUSTUNARPÍPA SJÚKRAHÚS

SPRAUTA SPÍTALI LÆKNIR GRISJA GIPS

**Orð sem tengjast læknum og hjúkrunarfræðingum**

| | | |
|---|---|---|
| Finndu 4 **nafnorð**<br>og skrifaðu<br>á línurnar hér fyrir neðan | | Finndu 4 **lýsingarorð**<br>og skrifaðu<br>á línurnar hér fyrir neðan |
| | Raðaðu **nafnorðunum**<br>í stafrófsröð.<br><br>a á b d ð e é f g h i í j k l m n<br>o ó p r s t u ú v x y ý þ æ ö | |
| **nafnorð** | **stafrófsröð** | **lýsingarorð** |
| | 1. | |
| | 2. | |
| | 3. | |
| | 4. | |
| Finndu 4 **sagnorð**<br>og skrifaðu<br>á línurnar hér fyrir neðan | | Búðu til **samsettorð** |
| | | hjúkrun + fræðingur<br>blóð + prufa<br>hiti + mælir |
| **sagnorð** | **leikur - orðflokkar** | **Samsett orð** |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |